

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

116. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn föstudaginn 26. maí árið 2023. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu f.h. FG, Mjöll Matthíasdóttir (MM), Hreiðar Oddsson (HO) Anna Guðrún Jóhannesdóttir og Guðjón Ágúst Guðjónsson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Raket Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Framkvæmd samkomulags um tilhögun og launaútreikninga vegna fæðingarorlofs kennara.

Málsnr. 2208027SA

Kennari hefur leitað til Félags grunnskólakennara vegna þess að hann telur að sveitarfélag greiði sér ekki laun vegna fæðingarorlofs í samræmi við samkomulag aðila um tilhögun og launaútreikninga vegna barnsburðarleyfa kennara.

Aðilar eru sammála um að viðkomandi eigi inni greiðslur en fjárhæð inneignar byggir á ólíkri aðferð við útreikning.

FG lítur svo á að í þeim tilvikum sem kennari lengir fæðingarorlofstöku sína ekki umfram 6 mánuði auk 6 vikna réttar frá hinu foreldrinu eða samtals 7,5 mánuði innan skólaársins fái hann óskert laun til loka skólaársins.

SNS lítur svo á að alltaf sé horft til starfa við kennslu fyrir og eftir töku fæðingarorlofs enda reiknast laun og sumarlaunahluti kennara í fæðingarorlofi með sama hætti og starfandi kennara þ.e. útfrá starfi við kennslu á starfstíma skóla.

Niðurstaða:

Sá hluti sem ekki er ágreiningur um verði gerður upp við viðkomandi kennara. Áfram verði unnið að endurskoðun á samkomulagi um barnsburðarleyfi kennara miðað við breytingu á lögum nr. 144/2020.

2. Önnur mál

Rætt almennt um vinnuskýrsluform.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:50.